

Skaftár- og Mýrdalshreppur  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubækjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 5. júlí 2016

UST201605-178/S.A.J.

10.04.03

## Efni: Deiliskipulag - breyting - Sólheimajökulsmelar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftár- og Mýrdalshrepps er barst 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis við Sólheimajökul.

### Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið stækkar í 5,3 ha skv. tillöggunni og er hluta svæðisins skipt í 7 lóðir. Á svæðinu er áformað að byggja hús til að þjónusta ferðamenn á svæðinu og fyrir þá ferðabjónustuaðila sem nýta svæðið. Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að byggð verði ferðamannaðstaða í 8 – 9 byggingum.

### Byggingar

Á uppdrætti eru lóðir merktar frá a-g. Áætlað er að byggingar á lóð a geti verið allt að 600m<sup>2</sup> og að á lóð b verði salernishús. Einnig kemur fram að á lóðum c-g sem eru ætlaðar til leigu til ferðabjónustufyrirtækja fyrir aðstoðuhús megi reisa hús að hámarki 100 m<sup>2</sup>. Einnig kemur fram í greinargerð að mænishæð skuli ekki vera hærri en 10 m yfir yfirborði lands. Umhverfisstofnun bendir á að 10 m mænishæð er há á svæði sem er í óbyggð og þar sem engar byggingar eru nærrí. Að mati Umhverfisstofnunar myndi svo há mænishæð hafa neikvæð sjónræn áhrif og telur stofnunin ástæðu til að endurskoða það hámark.

### Framkvæmdir

Umhverfisstofnun bendir á að byggingar á svæðinu munu breyta ásýnd þess, og verður svæðið með manngerðri áferð að framkvæmdum loknum. Því er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að fella byggingar að landi og tekur stofnunin undir það að hús verði í jarðlitum, svo ekki verði neikvæð sjónræn áhrif af væntanlegum byggingum á umhverfið.

### Gönguleiðir

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um einn nýjan greiðan göngustíg og að aðrir göngustígar verði felldir út.

### Bílastæði

Skv. uppdrætti er áætlað að stæði verði fyrir 18 rútur og og tugi bíla. Að mati Umhverfisstofnunar væri mikilvægt að brjóta svo víðáttumikið bílastæðasvæði upp á einhvern hátt og minnka þannig neikvæð sjónræn áhrif, ef mögulegt er.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að innviðir séu byggðir upp á fjölförnum ferðamannasvæðum, einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að haga framkvæmdum þannig að þær falli vel að umhverfinu.

Umhverfisstofnun bendir á að skoða þarf hvort ofangreind skipulagstillaga fellur undir gr. 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og þar með tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S. Jónsdóttir  
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
sérfræðingur